



Lífskjör ráðast af samkeppnishæfni fyrirtækja

Hörður Arnarson
forstjóri Marel Food Systems hf.

MEMBERS OF MAREL FOOD SYSTEMS

Aew delford

Carnitech

marel

Scanvaegt

Hvert er meginmarkmið við stjórn efnahagsmála?

Er það:

- Lág verðbólga?
- Hagvöxtur?
- Atvinnustig?

Þetta eru allt leiðir að grundvallarmarkmiðinu sem er:

→ **Bætt lífskjör**

...og þau ráðast af samkeppnishæfni (útflutnings) fyrirtækjanna

Stöðugleiki í verðlagi og gengismálum er grundvallaratriði

- Innlend verðbólga og óstöðugt gengi krónunnar hafa raskað samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs
- Kostnaðarhækkunarir eru meiri og tíðari en í nágrannalöndunum
- Sveiflur torvelda alla áætlanagerð
- Langvarandi styrkur krónunnar og sveiflur gagnvart helstu mörkuðum og samkeppnislöndum

➔ Erfið staða fyrir fyrirtæki í útflutningi og í samkeppnisiðnaði

Dæmi um áhrif gengishækkunar á rekstur útflutningsfyrirtækis

Forsendur


- Allar rekstrartekjur í erlendri mynt
- Allur launakostnaður í innlendri mynt
- 70% annars kostnaðar í innlendri mynt

Hækkun gengis	Fyrir hækkun	10% hækkun	25% hækkun
Rekstrartekjur	1.000	900	750
Launakostnaður	250	250	250
Annar rekstrarkostnaður	700	679	649
Rekstrarhagnaður	50	(29)	(149)

Niðurstaða

- Áhrif af **10%** hækkun gengis eru á við **32%** hækkun launa!
- Áhrif af **25%** hækkun gengis eru á við **80%** hækkun launa!

Þróun gengisvísitalunnar hefur verið mjög óhagstæð



Hvaða fyrirtæki eru viðkvæmest fyrir styrkingu krónunnar?

Útflutningsfyrirtæki

- Meirihluta tekna í erlendri mynt
- Hátt hlutfall innlends kostnaðar

Fyrirtæki í samkeppni við innflutning

- Hátt hlutfall innlends kostnaðar

Með öðrum orðum:

→ Fyrirtæki með mikinn virðisauka á Íslandi

Þetta eru fyrirtæki sem eru þjóðhagslega mjög mikilvæg

Viðvarandi vandamál á Íslandi síðastliðin 10 ár

- Hátt gengi íslensku krónunnar
- Óstöðugleiki
- Hár fjármagnskostnaður

Saman hafa þessi vandamál veikt samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, dregið úr vexti þeirri og staðið í vegi fyrir nýsköpun og hafa þar af leiðandi:

→ Rýrt framtíðarlífskjör á Íslandi

En hvað er til ráða í bráð og lengd...?

Stjórnvöld og Seðlabankinn hafa ekki verið samstíga

Seðlabankinn heldur stýrivöxtum háum:

- Í samræmi við þrönga túlkun á lögum um Sí
- Gert til að draga úr verðbólgu
- Stefnt á að draga úr eftirspurn og framleiðsluspennu (auka atvinnuleysi)
- Vaxtabreytingar hafa lítil áhrif á Íslandi
- Svartími vaxtabreytinga er 12 - 18 mánuðir

Stjórnvöld bregðast við:

- Megin markmið atvinnustig og hagvöxtur
- Flýta opinberum framkvæmdum
- Mótvægisáðgerðir gegn samdrætti
- Stuðla að stórfamkvæmdum
- Íbúðalánasjóður heldur vöxtum niðri

➔ **Stjórnvöld setja lög um Seðlabankann en vinna síðan sjálf eftir öðrum markmiðum**

Hvað er til ráða til skamms tíma (næstu 3 - 5 árin)?

Komumst ekki hjá að nota krónuna

- Við höfum ekki aðra kosti í bráð

Breyta verður lögum um Seðlabanka

- Þau hafa ekki virkað og munu ekki virka í örhagkerfi
 - Reynsla síðustu sjö ára staðfestir það
- Styrking gjaldmiðils í örhagkerfi eykur kaupmátt en markmið vaxtahækkana er að draga úr kaupmætti
- Verðbólga sem byggist á olíuverðshækkunum eða er drifin áfram af opinberum framkvæmdum er ónæg fyrir vaxtahækkunum
- Fyrst og fremst verið að fresta/falsa verðbólgu með styrkingu krónunnar

➔ Núverandi lög þrengja um of að útflutningsfyrirtækjum

Framhald: Hvað er til ráða til skamms tíma (næstu 3 - 5 árin)?

Ný lög um Seðlabankann

- Eingöngu verðbólga, sem byggist á innlendri þenslu, hafi áhrif á vaxtaákvarðanir
- Gengisbreyting krónunnar frá jafnvægisgengi hafi ekki áhrif á vaxtaákvarðanir
- Hækkun á heimsmarkaðsverði á t.d. olíu hafi ekki áhrif á vaxtaákvarðanir
- Hámarksvaxtamunur við evru verði 4% til að forðast spákaupmennsku með gjaldmiðilinn

➔ Ríkið, sveitarfélög og öll fyrirtæki í þeirra eigu fjármagni sig alfarið í íslenskum krónum

Hvað er til ráða til lengri tíma (5 - 8 ár)

Núverandi fyrirkomulag mun eins og undanfarin ár leiða til:

- Óstöðugleika í gengismálum
- Hærri vaxta
- Lakari lífskjara til lengri tíma

Þó er hægt að gera mun betur en undanfarin ár!

Erlendir sérfræðingar vara við óbreyttri skipan mála:

→ **Nauðsynlegt að verða hluti af stærra myntsvæði**

Alþjóðavæðing gerir það að verkum að mikil hagræðing fæst með stærri myntsvæðum

→ **Ein meginforsendan fyrir stofnun Evrópusambandsins**

Er skynsamlegt fyrir Árhús í Danmörku að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil?

Framhald: Hvað er til ráða til lengri tíma (5 - 8 ár)

Eðlilegasta leiðin er aðild að ESB og upptaka evru:

- Erum þegar aðilar að EES
- Löggjöf okkar er nú þegar mjög svipuð
- ESB lönd okkar helstu viðskiptaaðilar
- Erum Evrópubúar – svipuð lífssýn
- Eini raunverulegi kosturinn

Aðild að ESB leysir hins vegar ekki núverandi efnahagsvanda Íslendinga:

→ Til þess að geta gengið í ESB þurfum við fyrst að leysa hann

Reynslan af því að reka fyrirtæki í Evrópusambandslöndum

- Marel hefur haft umfangsmikinn rekstur í meira en 10 ár í löndum ESB
 - Starfrækir nú 14 fyrirtæki í löndum ESB með um 1.000 starfsmenn
 - Reynslan gagnvart Brussel er jákvæð
 - Þegar reglur koma frá Brussel eru þær almennt skýrar, samræmdar og sanngjarnar
 - Sambærilegt við reglur innan Bandaríkjanna
 - Reglur í einstökum aðildarríkjum ESB og í öðrum löndum eru hins vegar oft óskýrar og misnotaðar út frá sjónarmiðum markaðsverndunar
 - Ekki heyrt neikvæðar athugasemdir frá stjórnendum eða starfsmönnum í fyrirtækjum okkar innan ESB í garð Brussel
- ➔ Sterk neikvæð viðhorf og “reynslusögur” frá ESB má oft heyra frá aðilum sem hafa takmarkaða reynslu af rekstri fyrirtækja innan ESB**

Samantekt

- Meginmarkmið í stjórn efnahagsmála er að bæta lífskjör
- Lífskjör munu fyrst og fremst ráðast af samkeppnishæfni fyrirtækjanna
- Ofursterk króna, miklar sveiflur í gengi og háir vextir hafa skaðað samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á undanförunum 10 árum, beint vexti þeirra til útlanda og dregið úr stofnun nýrra fyrirtækja og rýrt framtíðarlífskjör.
- Til skemmri tíma þurfa stjórnvöld og Seðlabankinn að ganga í takt til að komast hjá ofurháum vöxtum sem leiða til styrkingar krónunnar
- Breyta þarf lögum um Seðlabanka Íslands
- Til lengri tíma litið þarf að stefna að aðild að ESB og upptöku evru



Takk fyrir